

Fimmtudaginn 3. mars 1994.

Nr. 511/1993.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Birgi Axelssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Bifreiðar. Ölvunarakstur. Ökuréttarsvipting. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu einvörðungu um ákvörðun viðurlaga, en af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. nóvember 1993 til þyngingar á refsingu. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist sækjandi staðfestingar héraðsdóms.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta refsíákvörðun héraðsdómara.

Með dómsátt fyrir sakadómi Reykjavíkur 24. maí 1989 var ákærði sviptur ökuleyfi í þrjú ár frá 13. febrúar sama ár. Hann framdi það brot, er mál þetta varðar, 22. febrúar 1992. Hafði hann þá ekki ökuréttindi, þar sem hann hafði ekki enn fært sér í nyt rétt sinn til að öðlast ökuskírteini að nýju að uppfylltum skilyrðum 50. gr. reglugerðar nr. 787/1983 um ökukennslu, próf ökumanna o.fl. Þótt ákærði hefði með framferði sínu 22. febrúar 1992 unnið sér til sviptingar ökuréttar ævilangt, sbr. 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, eru ekki skilyrði til þess að svipta hann heimild til þess að öðlast þann rétt, eins og ákvæði 101. gr. laganna var háttað fyrir breytingu á því með 25. gr. laga nr. 44/1993, sbr. Hrd. 1989,13 og 1992,821. Er því eigi unnt að fallast á kröfu ákærvaldsins um sviptingu ökuréttar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað verður staðfest. Þá skal ákærði greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í héraðsdómi 11. september 1992. Næst var þingað í málinu og á það lagður dómur 8. október 1993.

Þessi dráttur á einföldu máli hefur eigi verið skýrður, og er hann aðfinnsluverður.

D ó m s o r ð :

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Birgis Axelssonar, og sakarkostnað í héraði.

Synjað er kröfu ákærvalds um sviptingu ökuréttar ákærða.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. október 1993.

Ár 1993, föstudaginn 8. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 558/1993: Ákærvaldið gegn Birgi Axelssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. júní 1992, á hendur Birgi Axelssyni, Njarðargötu 39, Reykjavík, fæddum 10. apríl 1958, fæðingarnúmer 322, „fyrir að aka að morgni laugardagsins 22. febrúar 1992 undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda bifreiðinni ET-364 frá Flateyri áleiðis til Ísafjarðar, uns bifreiðin varð bensínlaus á Breiðadalsheiði, stjórna bifreiðinni, sem hann lét renna þaðan, niður heiðina að Djúpvegi, en þar var bifreiðin tekin í tog af annarri bifreið, og stjórna bifreiðinni, sem var dregin þannig áfram, að Netagerð Vestfjarða við Skutulsfjarðarveg.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, hafi hann slík réttindi“.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar er réttilega færð til refsíákvæða.

Í blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða í þágu rannsóknar málsins, reyndist magn alkóhóls vera 1.93‰.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann undir dómsátt hinn 19. maí 1987 fyrir ölvunarakstur og var sviptur ökuréttindum í 12 mánuði frá 24. febrúar sama ár að telja. Þann 24. maí 1989 gekkst ákærði undir dómsátt

fyrir sams konar brot og var sviptur ökuréttindum í 3 ár frá 13. febrúar sama ár að telja. Aðrar refsingar, sem ákærði hefur hlotið, skipta hér ekki máli.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Er refsing ákærða með hliðsjón af sakaferli hans hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 15.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Birgir Axelsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.
